



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík.

Snæfellsbæ, 8. janúar 2021

Efni: Umsögn vegna viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 og umhverfismat

Bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar hafa árum saman leitast við að auka sjálfbærni og stuðla að vistvænum lausnum í bæjarfélaginu. Einnig skiptir verndun landslagsheilda sköpum fyrir afkomu Snæfellsbæjar, þar sem fallett umhverfi hefur mjög mikið aðdráttarafl. Stefnumótun í Landsskipulagsstefnu sem stuðlar að loftslagsmiðuðu skipulagi og sjálfbærum samgöngum, áherslu á að vernda staðaranda, landslagsheildir og landgæði og nota skipulag til að ýta undir bættu lýðheilsu er því tekið fagnandi. Stefnumótunin er sett fram á skýran og einfaldan hátt og gera bæjaryfirvöld ekki athugasemdir við hana.

Bæjaryfirvöld hafa áhuga á að fá upplýsingar um hvort mótuð hefur verið stefna um hvenær fyrirhugað sé að vinna að strandsvæðisskipulagi fyrir Breiðafjörð og Faxaflóa. Þessi svæði skipta miklu máli varðandi hreinleikamynd Snæfellsbæjar.

Virðingarfyllgast,

Davíð Viðarsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi

